

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar í Stykkishólmi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn sýslumanns, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla virka daga vikunnar. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

4. gr.

Bæjarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um afgreiðslutíma sölustaða sbr. þó lið a og b 3. gr.

5. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, goddrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagrip og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr. Þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

7. gr.

Sýslumaður getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

8. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólms hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING**um breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Borgarness.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarness hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. mars 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Borgarness að gert er ráð fyrir u. þ. b. 3,5 ha. uppfyllingu út í sjó fyrir íþróttasvæði á spildu sunnan íþróttahússins og neðan Helgugötu.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Þúfubarð í Hafnarfirði.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. mars 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á deiliskipulagi við Þúfubarð í Hafnarfirði að húsagerð er breytt og íbúðum fækkað úr 8 í 7.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.